



GAMMA: Iceland Liquidity Fund

GAM Management hf.

GAM Management hf.
Klapparstígur 29
101 Reykjavík

4. desember 2011

GAMMA: LIQUIDITY

GAMMA: LIQUIDITY er verðbréfasjóður sem fjárfestir í skuldabréfum og vixlum, sem gefnir eru út af ríkissjóði, aðilum með ríkisábyrgð eða tryggðir með ríkisábyrgð, s.s. Íbúðalánasjóði. Að auki hefur sjóðurinn heimild til fjárfestingar í innlánum fjármálafyrirtækja.

Markmið GAMMA: LIQUIDITY er að skila ávöxtun í samræmi við skammtímavaxtastig á markaði og er líftími sjóðsins ávallt lægri en 1 ár. Sjóðurinn hentar vel til ávöxtunar á fé til skemmri tíma eða fyrir fjárfesta sem vilja tiltölulega litlar sveiflur í ávöxtun.

Sjóðurinn beitir virkri stýringu með þeirri aðferðafræði sem GAMMA hefur þróað og notað við stýringu annarra skuldabréfasjóða.

Árleg umsýsluþóknun er 0,40% og enginn kostnaður er við kaup eða sölu og enginn munur er á kaup- og sölugengi.

Um GAM Management hf. og sjóðsstjóra

GAM Management hf. [GAMMA] er rekstrarfélag verðbréfasjóða samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og starfar undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins. GAMMA fékk starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu í mars 2009.

GAMMA sérhæfir sig í fjárfestingu á vaxtamarkaði (e. fixed income) og gjaldeyrismarkaði (e. FX) en leggur sérstaka áherslu á tækifæri sem felast í íslenskum skuldabréfa-, vaxta- og gjaldeyrismarkaði.

Sjóðsstjóri er Valdimar Ármann, hagfræðingur og fjármálaverkfræðingur, sem starfaði hjá ABN AMRO í London við verðbólmutengdar afurðir frá 2003-2006 og síðan í New York frá 2006-2008 hjá sama banka, og síðast RBS sem Vice President, Head of Inflation Structuring USA. Fyrst starfaði Valdimar hjá Búnaðarbankanum í afleiðum og gjaldeyrisviðskiptum. Hann hefur sinnt kennslu við Háskóla Íslands og kennir nú námskeiðið Skuldabréf í meistaranámi í hagfræði. Hann hefur lokið prófi í verðbréfavíðskiptum á Íslandi sem og í Bandaríkjunum og Bretlandi.

Helstu upplýsingar


Gjaldmiðill:	ISK
Lágmarksupphæð:	10þ. kr.
Rekstrarform:	Verðbréfasjóður
Árleg þóknun:	0,40%
Gengismunur:	0,00%
Innlausnargjald:	0 kr.
Sölutímabil:	Viðskiptadagar fyrir kl. 14:00
Gengisuppreikningur:	Daglegur í lok dags
Meðallíftími:	Lægri en 1 ár
Hámarks stærð:	Engin
Skráning:	Rafrænt hjá Verðbréfaskráningu

Sýn sjóðsstjóra

Ávöxtun GAMMA: LIQUIDITY var 0,29% í nóvember og hefur verið 0,79% síðustu 3 mánuði. Hækkun frá stofnun, 13. apríl 2011, er 2,02%.

Seðlabankinn hækkaði vexti á síðasta vaxtaákvörðunardegi þann 2. nóvember um 0,25%, en gaf í kjölfarið sterklega til kynna að frekari vaxtabreytinga væri ekki að vænta nema aðstæður breyttust verulega. Spár markaðsaðila eru samhljóma að því leyti að verðbólgan fer hjaðnandi á næstu misserum og að vextir ættu að geta verið óbreyttir nærri allt næsta ár. Stefna sjóðsins á næstu mánuðum verður svipuð og verið hefur nema að eitthvað verður lengt í fjárfestingum. Þriggja mánaða ríkisvixlar hafa þó í undanförunum útboðum gefið töluvert hærri ávöxtun en sex mánaða vixlar (3,45% á móti 2,99% í síðasta útboði) þannig að ekki er í öllum tilfellum hagstæðara að færa fjárfestingar lengra út á ávöxtunarkúrfuna.

Eignasamsetning



Stærstu eignir:

RIKB 12 0824	20,0%
Innlán Landsbanki	18,0%
RIKV 12 0116	17,9%

Gengisþróun og ávöxtun

Ávöxtun


1 mánn	0,29%
3 mánn	0,79%
6 mánn	1,60%
stofnun*	2,02%

*stofndagur 13. apríl 2011

Kennitölur

Hrein eign [m.kr.]	1.400
Verðtryggt	0,00%
Meðallíftími ár	0,37
90 daga flökt	0,25%

Gengisþróun GAMMA: LIQUIDITY



Tölur um ávöxtun vísa til fortíðar og hafa ber í huga að ávöxtun í fortíð gefur ekki áreiðanlega vísbendingu um ávöxtun í framtíð.

Skuldabréfateymi

Valdimar Ármann
s: 519 3304
valdimar@gamma.is
Sjóðsstjóri

Gisli Hauksson
s: 519 3301
gisli@gamma.is

Guðmundur Björnsson
s: 519 3303
mummi@gamma.is

Agnar T. Möller
s: 519 3302
agnar@gamma.is

Fyrirvari:

Umfiðullun þessi felur ekki í sér fjárfestingarráðgjöf eða tilboð eða hvatningu um að eiga viðskipti með verðbréf. Mat, álit og forspár endurspeglar eingöngu skoðanir þeirra starfsmanna GAM Management hf. sem vinna umfiðullunina og eru þær settar fram eftir bestu samvisku miðað við útgáfudag og kunna að breytast án fyrirvara. Þó svo upplýsingar þær sem birtast í þessari umfiðullun komi frá heimildum sem við teljum vera áreiðanlegar og þó svo við höfum lagt okkur fram um að tryggja áreiðanleika upplýsinganna á útgáfudegi þá ábyrgjumst við ekki beint eða óbeint notagildi þeirra varðandi forspá um framtíðarávöxtun eða mat á núverandi verðgildi eða framtíðarverðgildi verðbréfa. Umfiðullunin ætti hvorki að skoðast sem fullnægjandi lýsing á þeim verðbréfum né á þeim mörkuðum sem hér er vitnað til. Skoðanir, sem látnar eru í ljós, kunna að vera ólíkar skoðunum á sama efni sem látnar eru í ljós af öðrum starfsmönnum GAM Management hf. og stafar það af því að beitt er mismunandi forsendum eða aðferðafræði. GAM Management hf. er rekstrarfélag Verðbréfasjóðs GAM Management. Sjóðurinn er verðbréfasjóður skv. lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Nánari upplýsingar um áhættu og fjárfestingar má finna í útboðslýsingu eða útdrætti úr útboðslýsingu sjóðsins, sem nálgast má á heimasíðu GAM Management hf. eða á skrifstofu félagsins. Almenn fylgir áhættu fjárfestingu í verðbréfasjóðum og eignarhlutdeild getur rýrnað, aukist eða stæði í stað, m.a. vegna áhættu vegna efnahagsástands, alþjóðlegra fjárfestinga og gengisflökts gjaldmiðils þegar eignir sjóðs eru í erlendum gjaldmiðlum. Athygli er vakin á því að söguleg ávöxtun gefur ekki vísbendingu um framtíðarávöxtun.